

Sjúklega gaman að vera krakki

Alltaf sumar og alltaf sól, ekkert sjónvarp, allir úti að leika til klukkan tólf á nóttunni, hættulegir óvinir, traustir bandamenn, ævintýri og kremkex. Krakkar út um allt, á miðri götu í teygjó eða rykk, á bílplaninu í brennó eða fótbolta, skríðandi inn á milli runnanna í garðinum og gangandi eftir veggjum. Lykt af grasi og ljósbrúnum brennóboltum, heitu malbiki og bleikum gopillum sem voru ógeðslega góðar og eru núna harðbannaðar vegna óhollra litarefna. Hljómar vel, ekki satt? Þetta er sögusvið leikritsins Abbababb og svona var það þegar María Reyndal, leikstjóri og Dr. Gunni, höfundur leikrits og tónlistar, voru lítil. Að minnsta kosti í minningunni. Þau segja hér frá ýmsu sem þau hafa aldrei tjáð sig um opinberlega áður. Leynilegum leynifélögum, til dæmis, og prumpulaginu...

En fyrst, hvað þýðir abbababb?

MARÍA: Þú verður að spyrja Gunna höfund að því.

DR. GUNNI: Vita ekki allir hvað það þýðir?

MARÍA: Það kemur hvergi fram í leikritinu, þar er hvergi sagt abbababb.

DR. GUNNI: Þýðir það ekki bara að eitthvað sé asnalegt? Ef ég væri til dæmis með sólgleraugu sem væru bara með gler öðrumegin þá gæti einhver krakki bent á mig og sagt: Abbababb, hann er bara með eitt sólglerauga.

Voruð þið í leynifélagi?

MARÍA: Já ég var sko í leynifélagi. Þú hefur örugglega aldrei heyrt um það því það fór mjög leynt. Það hét Hreiðrið og hafði aðsetur í litlu herbergi inni í bílskúr hjá Röggu frænku minni. Þar hittumst við næstum á hverjum degi og héldum leynilega fundi. Við bjuggum til leynistafróf, leynimál og kveikjum á kertum og höfðum allskonar reglur. Þetta voru æskuvinkonur mínar og við erum vinkonur ennþá, kannski af því að við vorum saman í leynifélagi, þó félagið sé ekki til í dag.

DR. GUNNI: Ég var einfari og átti ekki marga vini en ég var í leynifélagi og gott ef það hét ekki bara Rauða hausjúpan. Eða kannski Fimm saman. Markmið félagsins var að koma upp um glæpi. Fundirnir voru yfirleitt haldnir úti í garði heima hjá mér í skúr sem pabbi smíðaði úr kassafjöllum. Skúrinn hét Bakkakot. Leynifélagið gerði reyndar ekki neitt af viti enda var lítið um verkefni á þessum tíma.

MARÍA: Aðalmarkmiðið hjá Hreiðrinu var að hittast í leyni því þetta var nú einu sinni leynifélag. En svo vorum við líka vissar um að gamlar konur með túrbanhatta væru í öðru leynifélagi sem var leynifélag gegn börnum. Við eyddum löngum tíma í að elta þær og njósna um þær og vorum sannfærðar um að þær ætluðu að gera eitthvað hræðilegt við krakkana í hverfinu.

Voruð þið hrædd við stóra krakka?

MARÍA: Ég var hrædd við pönkarana, Rokk í Reykjavík og allt það. Ég hefði örugglega verið hrædd við Dr. Gunna.

DR. GUNNI: Ég var hræddur við stóra stráka sem voru ógnvaldar í hverfinu. Einu sinni var mér sagt hvað þeir hefðu gert við jafnaldra okkar en það var svo hrikalegt að ég er búinn að gleyma því.

Haldið þið að krakkar í dag hafi gaman af því að vita hvernig krakkar léku sér og voru fyrir þrjátíu árum?

MARÍA: Já ég held það. Sumir segja að börn séu allt öðruvísi í dag og að gera allt aðra hluti, leika sér miklu meira í tölvuleikjum og horfa á sjónvarpið en dóttir mín er sex ára og hún er búin að búa til leynifélag. Hún er rosahrædd við stóru krakkana í skólanum og ætlar að safna peningum á tombólu svo hún geti fengið mynd af sér í blaðinu. Það kemur mér eiginlega á óvart hvað hennar líf og það sem hún lifir og hrærist í passar vel við þetta leikrit.

DR. GUNNI: Krakkar eru alltaf krakkar og þeim finnst gaman að leika sér úti og upplifa spennandi hluti.

MARÍA: Í dag er tími barna skipulagðari. Þegar ég var lítil þurftum við að hafa meira fyrir því að búa til leiki og ég held að það sé gaman fyrir krakka í dag að sjá það.

Munið þið hvernig það er að vera krakki?

DR. GUNNI: Já, og leikritið er byggt á þeim minningum, að minnsta kosti umgjörðin. Það sem gerist í leikritinu er kannski eitthvað sem ég vonaðist til að myndi gerast.

MARÍA: Allir sem taka þátt í leikritinu kannast við eitthvað úr sinni eigin æsku. Það er náttúrulega sjúklega gaman að vera krakki.

DR. GUNNI: Maður var alltaf að bíða eftir að verða fullorðinn en það er mjög gaman í minningunni.

Hvernig krakkar voruð þið?

MARÍA: Ég var alltaf úti og það var alltaf sól. Og það er stemmingin sem við viljum ná í leikritinu. Ég skreið í gegnum garða og gekk á veggjum, tálgaði, spilaði fótbolta og vildi vera strákur.

DR. GUNNI: Ég var mjög stilltur og mikill dundari. Ég ætlaði að verða veðurfræðingur og átti allskonar mælitæki úti í garði en svo kynntist ég tónlistinni og ákvað að verða tónlistarmaður í staðinn.

Viljið þið segja eitthvað við krakkana sem koma að sjá Abbababb?

DR. GUNNI: Það eru engin skilaboð í þessu verki nema að vera góður og hafa gaman af því.

MARÍA: Njótið þess að vera krakkar og hættið að hugsa um hvað það verður gaman þegar þið verðið fullorðin. Njótið þess að vera í núinu!

Að lokum spurningin sem brennur á öllum: er prumpulagið í sýningunni?

MARÍA: Auðvitað.

DR. GUNNI: Það er ekkert hægt að sleppa því. Það geta allir sungið með!